

1207. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. september 2020, kl. 17:30 í fjarfundi.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1206. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1206. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og verður undirrituð síðar.

2. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá stöðunni í samningum við Ísal og Norðurál en þar er allt enn í hnút. Virðast þeir vera að bíða eftir því hvernig fram vindur með endurskoðun Lífskjarasamningsins ef SA skyldi kannski fá einhverja frestun eða breytingu á samningnum og þannig gætu viðmið samninga við álfélögin breyst einnig. Hvernig sem því líður er a.m.k. búið að samþykkja verkfallsaðgerðir hjá Norðurál frá 1. desember nk. en honum finnst Ísal hafa fengið að ganga ótrúlega langt með að draga lappirnar í samningaviðræðum en við eigum svo sem fáa félagsmenn þar.

Varðandi kjarasamninginn þá er fundur í forsendunefnd í fyrramálið og svo í samninganefndinni kl. 16 og verður staðan metin. SA eru farnir að segja samningsforsendur brostnar og að illmögulegt sé að standa við samninginn en í raun snýst forsendubresturinn ekkert um mál SA heldur að vaxtamálunum en það er að svo litlu leiti að slæmt væri að slíta samningunum bara vegna þess eins og staðan er nú.

Verðlagshækkanir rigna inn um 3% - 7% vegna veikingar íslensku krónunnar og því er engin ástæða fyrir okkur að gefa nokkuð eftir í því ljósi. Mörg fyrirtæki geta vel staðið undir hækkunum en önnur ekki eins og alltaf hefur verið. Við ættum því að standa fast á launahækkunarliðnum. Efast hann um að SA hafi umboð til að segja

upp samningunum frá sínu baklandi enda yrði harkalega brugðist við slíku af hreyfingunni.

Verið að vinna í ASÍ málum og að koma því í gegn hjá ríkisstjórninni en honum virðist sem stjórnámálamenn séu almennt komnir í kosningaham.

Könnun un afstöðu félagsmanna VR til uppsagnar samninga er klár en þann 22. september nk. verður haldinn formannafundur um þá ákvörðun sem tekin verður sem honum finnst nokkuð snemmt en könnunin færi út þann 16. september nk. og stæði í ca. 5 daga og með henni fengjum við fram óskuldbindandi vilja félagsmanna um að segja upp eða ekki. En vonandi náum við að fresta því fram á síðasta dag mánaðar með að ákveða svo svigrúm myndist til að eitthvað meira komi inn í samninginn.

Stefán fór nú yfir drög að spurningum könnunarinnar en hún verður send á alla VR félaga sem eru með netföng í kerfum okkar og þeirra félagsmanna sem þess óska. Áhersla okkar er sú að þetta er könnun en ekki kosning. Trúnaðarráð og stjórn munu svo hittast þegar allt liggur fyrir.

Umræður.

Ragnar Þór sagði frá því að í ljósi aðstæðna yrði ASÍ þingið stutt rafrænt þing aðeins um 3 klukkustundir þar sem yrðu kosin forystan og miðstjórn en þar eru 5 aðalmenn og 5 varamenn. Síðan yrði þinginu frestað fram á næsta vor. Hann hitti Eið Stefánsson í morgun og fór yfir þessi mál. Mikilvægt er að stjórnarmenn muni að skrá sig til þingsins en nú þegar eru komnir 86 á framboðslista okkar en nauðsynlegt að vera einnig með stóran lista varamanna því oft er mæting ekki svo góð. Biður Ragnar Þór þá stjórnarmenn sem áhuga hafa á að sitja í miðstjórn að hafa við sig samband innan nokkurra daga. Það er nokkur vinna og nefndarstörf sem fylgir þessu en hann mun gera tilkall til þess að verslunarmenn fái fyrsta varaforsetastólinn annað hvort fyrir sig eða annan sem hefði áhuga úr okkar röðum.

Umræður.

3. Uppgjör VR janúar – júní 2020

Stefán lagði fram skjölin „Lykiltölur jan-júní 2020“, „Árshlutareikningur VR janúar til júní 2020“ og „Árshlutareikningur jan-jún 2020 sundurliðun á sjóði“ og fór yfir efni þeirra.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að á tímabilinu hafi orðið 2% fækkun félagsmanna og afgreiðslum fækkað um heil 53,9% en allt eru þetta auðvitað afleiðingar af COVID-19 faraldrinum svo og annað sem óvenjulegt má teljast eins og að júlímánuður var óvenju rólegur hér í þjónustunni og er það sennilega vegna þess hve margir voru í sumarfrí á sama tíma þar sem ekkert var um ferðir til útlanda. Annað sem veirufaraldurinn hefur haft áhrif á eru greiðslur úr VR varasjóði og t.d. fækkun gistinóta í orlofshúsum sem var lokað vegna veirunnar.

Nánast öll iðgjöld í Sjúkrasjóð VR fara nú til greiðslu sjúkradagpeninga eða 97,13% en ávöxtun sjóða er mjög góð með raunávöxtun uppá 5,26%.

Varðandi rekstrarreikninginn þá má segja að við séum nálægt „bjartsýnisspánni“ okkar þótt tekjur lækki um 9,4% og eru 2.1 milljarður krónar en rekstrargjöld umfram tekjur eru 68 milljónir króna. Á móti eru fjármagnstekjur miklu hærri en reiknað var með eða 568 milljónir króna en áætlun gerði aðeins ráð fyrir 38 milljónum króna.

Umræður.

4. Umhverfisnefnd tillaga að aðgerðaráætlun

Helga, formaður Umhverfisnefndar VR, lagði fram skjalið „VR: aðgerðaráætlun og markmiðasetning vegna umhverfisstefnu“ dags. 16. apríl 2020. Sagðist hún mjög ánægð með vinnu fyrirtækisins Circular Solutions sem vann þessa skýrslu og að góð samvinna hafi verið í nefndinni og gott starfsfólk af skrifstofu VR sem kom að þessu.

Stefán fór nú yfir helstu atriðin í áætluninni og lagði einnig fram skjalið „Minnisblað til stjórnar frá umhverfisnefnd“ dags. 30. júní 2020. Í máli hans kom m.a. fram að þetta hafi verið mjög upplýsandi vinna og reiknað var út hvaða þættir hefðu helst áhrif varðandi CO2 losun og kom t.d. í ljós sem dæmi að á skrifstofu VR eru það ferðir starfsmanna til og frá vinnustað og sama má segja um orlofshúsin okkar að þar eru það ferðir félagsmanna til og frá bústöðum sem vega mest í CO2 losun. Að sama skapi skiptir miklu með hvaða ferðamáta er farið á viðburði félagsins.

Aðgerðaráætlunin sem komin sé taki til 7 ára tímabils þar sem kenni ýmissa grasa svo sem árleg ferðavenjukönnun, samgöngustyrkir, fræðsla, kaup rafbíla og rafhjóla, sorpflokkun, umhverfistékklisti fyrir

viðburði og margt fleira.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykkis þá aðgerðaráætlun sem kynnt hafði verið.

Samþykkt samhljóða.

5. Vinnumarkaðsúrræði

Stefán lagði fram skjalið „*Atvinnuráðgjöf VR kynning fyrir stjórn 9. september 2020*“ og fór yfir efni þess á slæðum. Þetta er efni sem nýr starfsmaður vinnumarkaðsúrræða, Nathalía Druzin Halldórsdóttir, hefur tekið saman þar sem áherslan verður á ráðgjöf, stuðning og hvatningu. Á næstunni verður svo annar starfsmaður ráðinn henni við hlið.

Mikil áhersla verður lögð á jákvæða nálgun og ráðgjöf fremur en sálgæslu. Að vera almennt hvetjandi þar sem skoðaðir eru möguleikar atvinnuleitenda á sambærilegum störfum og þeir þekkja eða þá að breyta um starfsvettvang. Þjónustan verður í formi viðtala, funda, fyrirlestra bæði í húsi og á netinu en einnig verða hlaðvörp, örvídeó og góðar upplýsingar á vef og samfélagsmiðlum VR. Þá eru einnig komnar fram hugmyndir um að skapa atvinnuleitendum skemmtilegan og fræðandi vettvang þar sem hægt er að koma saman, ræða reynslu og fá hugmyndir. Gæti það verið t.d. í samstarfi við starfandi kaffihús og þá kannski hægt að semja um afslátt eða niðurgreiða veitingar oþh.

Umræður.

Mjög góður rómur var gerður að þessum áætlunum í umræðum og sagði Ragnar Þór að ljóst væri að við værum öll sammála um að halda þessu áfram á þessum nótum. Vinnum þetta nú eins hratt og kostur er en einnig má bæta við þetta nýjum hugmyndum því þetta sé lifandi verkefni.

Fundi er slitið kl. 20:00

Árni Leósson, fundarritari